

Marz 1965

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

FRETTABEF

Efnisyfirlit:

1. Um verkefni og störf kjararannsóknarnefndar.
2. Vinnulaun og vinnutími 1962, 1963 og jan.- júní 1964.
3. Vinnulaun og vinnutími 1961 og 1962 (Vinnutímanefnd).
4. Framfærsluvisitalan. Ný neytlurannsókn.
5. Um launastatistik.
6. Meðaltekjur kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna 1948-1962 (Efnahagsstofnunin).

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð í marz 1965:

Björn Jónsson (formaður)
Þorvarður Alfonsson (gjaldkeri)
Helgi Bergs (ritari)
Björgvin Sigurðsson
Sigurvin Einarsson

I. Um verkefni og störf Kjararannsóknarnefndar.

Kjararannsóknarnefnd var upphaflega ætlað það verkefni að vinna að öflun gagna, sem höfð yrðu til að styðjast við í samningagerð atvinnurekenda og launþega, er búizt var við að hæfist 15. október 1963. Þar sem hér var um viðamikið brautryðjendaverkefni að ræða og tíminn naumur, varð raunin sú, að verkefni nefndarinnar var ekki nema að takmörkuðu leyti leyst innan tilsetts tíma.

Kjararannsóknarnefnd telur, að framhald starfa hliðstæðra þeim, sem unnin hafa verið af nefndinni fram að þessu, geti í framtíðinni komið að miklu gagni og auðveldað og greitt fyrir gerð kjarasamninga. Hinsvegar vill nefndin taka það fram, að rannsóknir hennar eiga ekki að leiða til dómsniðurstöðu eða úrskurðar nefndarinnar um kaup og kjör, heldur er það verkefni samningsaðilanna að draga ályktanir af þeim staðreyndum, sem aflað hefur verið, og semja á grundvelli þeirra. En eitt af frumskilyrðum þess, að góður árangur náist, er að samtök atvinnurekenda og verkafólks hafi jákvæða afstöðu til þess starfs, sem unnið er, og veiti þann stuðning, sem þau mega.

Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur, þykir ljóst, að slíkt starfsemi getur því aðeins komið að verulegu gagni, að hún sé unnin á varanlegum grundvelli. Það er því álit nefndarinnar, að auk þess sem bæta þurfi nýjum upplýsingum við þau gögn, sem hún hefur látið frá sér fara, hljóti verkefnið á næstunni að vera að leggja grundvöll að framtíðarstarfsemi hennar. Fer hér á eftir lauslegt yfirlit um hugmyndir verkefna:

1. Almenn verkefni.

Höfuðverkefni Kjararannsóknarnefndar er að vera samtökum launþega og vinnuveitenda til ráðuneytis í hagfræðilegum efnunum, er máli skipta, við gerð kjarasamninga.

Í þeim tilgangi léti nefndin þeim samtökum, er að henni standa, í té fréttabréf um efnahagsmál, t.d. á 2-3 mánaða fresti. Í þessu fréttabréfi væru teknar saman í stuttu en glöggu máli helztu upplýsingar, er fyrir lögju hjá öðrum hagstofnunum um þróun verðlags, kaupgjalds, gjaldeyris- og peningamála, innflutning og útflutning, afkomu ríkissjóðs, framleiðslu o. fl. Að fenginni reynslu myndi komast fast form á slíkt fréttabréf.

Einu sinni á ári verði samin skýrsla, þar sem nefndin gerði grein fyrir störfum sínum, auk þess fylgdu upplýsingar um efnahagsþróun næstliðins árs og um ástand og horfur í efnahagsmálum. Næðu þessar upplýsingar m. a. til:

- a) afkomu launþega,
- b) " hinna ýmsu atvinnugreina,
- c) búskapar hins opinbera og tiltækra þjóðhagsreikningastærða.

Samtök launþega og vinnuveitenda ættu þess kost að fá unnar skýrslur um ákveðin efni, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar endurskoðun kjarasamninga er í aðsigi eða vinnudeilur standa yfir.

2. Sérstök verkefni.

1) Vinna ber að því að gera skrá um alla gildandi kjarasamninga félagasamtaka og launþega. Skulu samningsaðilar þar tilgreindir og fjöldi þeirra launþega og fyrirtækja, er samningarnir ná til. Ennfremur eftir því sem tæk eru á, væri vísað til innihalds samninganna, gildistíma o. sv. frv. Þá væru þessar upplýsingar aðgengilegar eftir atvinnugreinum og landshlutum, og ennfremur skal reynt að skipa launaákvæðum í greinagóð kerfi til yfirlits.

2) Unnið skal að því að safna upplýsingum um vinnumarkaðinn, þ. e. framboð og eftirspurn vinnuafis eftir atvinnugreinum, fjölda atvinnuleysingja eða fjölda af lausum stöðum eftir atvinnugreinum. Ennfremur um flutninga vinnuafis innanlands.

3) Haft verði samstarf við opinbera aðila um, að unnið verði að aukinni hagskýrslugerð, m. a. á eftirfarandi sviðum:

- a) Launastatistik svo sem tíðkast í öllum nágrannalöndum okkar. Slík launastatistik veiti m. a. nákvæma mynd af því, hverjar kaupgreiðslur raunverulega eru við hin ýmsu störf og vinnutími.
- b) Skráning fyrirtækja með upplýsingum um verksvið, starfsmannahald o. þ. h.
- c) Framleiðslustatistik, sundurliðuð eftir tegund framleiðslu.
- d) Athugun á afkomu atvinnureksturs, skipt eftir atvinnugreinum. Í því sambandi væri æskilegt, að af opinberri hálfu yrði komið á ákveðnum reglum um

bókhald fyrirtækja eftir eðli atvinnureksturs (kontóranna). Mætti með þeim hætti auðvelda upplýsingasöfnun og úrvinnslu.

3. Sérstakar upplýsingar.

Þá telur nefndin æskilegt að eiga þess kost að fá eftirfarandi þjóðhagslegar upplýsingar umfram þær, sem að framan eru taldar:

- 1) Upplýsingar um þjóðartekjur, myndun þeirra, notkun þeirra og skiptingu, þar sem í ljós kæmi m. a., hver væri hlutdeild launþega í þeim.
- 2) Upplýsingar um þjóðarauðinn, skiptingu hans eftir þátttöku í framleiðslu og eignarhaldi.
- 3) Upplýsingar um greiðslujöfnuðinn og þróun gjaldeyris mála. Í því sambandi væri æskilegt, að upplýsingar fylgdu um verðlagsþróun út- og innflutnings.
- 4) Upplýsingar um fjármál hins opinbera með tilliti til áhrifa á þjóðartekjur og skiptingu þjóðartekna milli stétta.

Hér er um mjög lauslega upptalningu að ræða, sem þyrfti nánari skilgreiningar við. En auðsætt er, að þau rannsóknarverkefni, sem hér hafa verið talin, eru mörg þess eðlis, að ekki er nú að finna neinar viðhlítandi skýringar um þau. Þarf því hvorttveggja að koma til, að Kjararannsóknarnefnd vinni sumt skýrslna frá grunni, og að hún þrýsti á opinberar stofnanir og aðila að gera slíkar skýrslur fullkonnari en þær eru nú, þar sem sérstakra úrbóta er þörf. Kjararannsóknarnefnd vill að síðustu leggja áherzlu á það, að hvorki hún né aðrar þjóðhagslega upplýsandi eða ráðgefandi stofnanir geta valdið verkefni sínu til nokkurrar hlítar fyrr en:

- a) verðpenslan í efnahagskerfinu minnkar verulega,
- b) skattaframtöl einstaklinga og fyrirtækja verða áreiðanleg og komið í veg fyrir undandrätt.

4. Störf og verkaskipting.

Kjararannsóknarnefnd telur það höfuðnaðsýn, að ákveðinni verkaskiptingu verði komið á milli þeirra aðila, sem upplýsinga afla um efnahagskerfið í heild eða sérstaka þætti þess, svo að komið verði í veg fyrir það erfiði og óþægindi, sem af því hljótast, þegar margir aðilar eru að leita eftir sömu eða svipuðum upplýsingum.

Til 1. febrúar s.l. hafði Kjararannsóknarnefnd ekkert fastráðið starfslíð, en fékk aðrar stofnanir eða einstaklinga til að vinna að þeim verkefnum, sem nefndin hafði með höndum. Þannig vann t. d. Hagstofa Íslands úrtaksrannsókn fyrir nefndina, þar sem aflað var upplýsinga um laun og vinnutíma meðlima verk-
 lýðsfélaga í september 1963. Valdimar Hergeirsson viðskipta-
 fræðingur vann svo sumarið 1964 að áframhaldandi upplýsinga-
 söfnun um launastatistik á vegum nefndarinnar, og eru niðurstöð-
 ur þeirra athugana birtar hér á eftir (II. Um vinnulaun og
 vinnutíma árin 1962, 1963 og fyrri árshelming 1964). Var þetta
 starf Valdímars Hergeirssonar framhald af hliðstæðum störfum
 hans fyrir Vinnutímanefnd fyrir árin 1961-1962, en útdráttur
 úr skýrslum Vinnutímanefndar er birtur í þessu fréttabréfi.
 Þá hafa hagfræðingarnir Einar Benediktsson og Hjalti Kristgeirs-
 son unnið um tíma að sérstökum verkefnum á vegum nefndarinnar.

Efnahagsstofnunin hefur unnið að söfnun kjarasamninga frá
 1958 og skrásetningu þeirra, auk öflunar nauðsynlegra viðbótar-
 upplýsinga. En nú er ákveðið, að Kjararannsóknarnefnd taki við
 þessu verki og haldi því áfram.

Hagstofa Íslands, Efnahagsstofnunin og Kjararannsóknarnefnd
 munu hafa samráð sín í milli um skiptingu verkefna og veita hver
 annari upplýsingar um þær niðurstöður, er fyrir liggja á hverjum
 tíma.

Þannig vinnur Kjararannsóknarnefnd nú við launastatistik
 fyrir þá, sem kaup taka samkvæmt kjarasamningi við samtök vinnu-
 veitenda (meðlimi verkalýðsfélaga), en Hagstofa Íslands mun vinna
 að launastatistik fyrir opinbera starfsmenn, verzlunar- og skrif-
 stofufólk. Um þessar mundir vinnur Kjararannsóknarnefnd að laun-
 statistik, samkvæmt framansögðu, fyrir allt árið 1964, og jafn-
 framt að ársfjórðungslegri launastatistik fyrir árið 1965.

II. Vinnulaun og vinnutími árin 1962, 1963 og $\frac{1}{2}$ árið 1964.

Skýrslur þær, sem hér hafa verið teknar saman um vinnulaun og vinnutíma, ná til eftirfarandi starfsstétta í Reykjavík:

1. Verkamenn.
2. Vörubílstjórar (hjá öðrum).
3. Verkstjórar.
4. Iðnaðarmenn.
5. Iðnverkamenn.
6. Iðnverkakonur.
7. Verkakonur.

Skýrslur þessar eru þannig unnar, að fyrst var tekin saman skrá um framtaldar launatekjur nokkurra einstaklinga í hverri starfsgrein hjá nokkrum fyrirtækjum í viðkomandi atvinnugrein, samkvæmt launamiðum til Skattstofunnar. Síðan var leitað upplýsinga hjá viðkomandi fyrirtækjum um vinnutíma þessara einstaklinga og skiptingu hans í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. Leitast var við að haga vali launþeganna þannig, að niðurstaðan gæfi nokkuð rétta mynd af meðaltekjum og meðalvinnutíma í viðkomandi starfsgrein og, að einnig fengist sambærileg mynd, miðað við árið 1962. Yfirleitt er miðað við sömu einstaklinga bæði árin, þar sem það var unnt. Einnig var leitast við að hafa úrvalið sem stærst, þegar það var framkvæmanlegt. Jafnframt því sem leitað var eftir upplýsingum um vinnutímann 1963, var óskað eftir upplýsingum um vinnulaun og vinnutíma fram á mitt árið 1964, og um leið gerð tilraun til að byggja upp frumdrög að ársfjórðungslegri launastatistik. Eru niðurstöður þessara athugana í töflu I til töflu IV hér á eftir.

Tafla I sýnir meðalárslaun og meðalársvinnutíma. Tafla II sýnir hlutfallslega skiptingu meðalárslauna og meðalársvinnutíma eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu í hverri starfsstétt.

Tafla III og IV gefa hugmynd um þær upplýsingar, sem byggt er á fyrir faglærða iðnaðarmenn og hverjum takmörkunum þær eru háðar.

Til frekari glöggvunar skulu hér tilgreindar skýringar og nokkrar viðbótarupplýsingar, sem ekki koma fram í töflunum sjálfum.

1. Verkamenn.

Samkvæmt yfirlitsskýrslunni (Tafla I) hafa árstekjur verkamanna vaxið úr 93 þús. árið 1962 í 112 þús. 1963, og í 71 þús. fyrir $\frac{1}{2}$ árið 1964. Niðurstaðan er meðaltal af árstekjum 256 verkamanna úr 8 starfsgreinum. Um helmingur þeirra (136) eru hafnarverkamenn, þannig að þeir hafa mikil áhrif á niðurstöðuna.

Frá Áburðarverksmiðjunni eru 9 "útivinnumenn", sem eru mánaðarkaupsmenn með 2 tíma ev. á dag að jafnaði, auk næturvinnu.

Í byggingarvinnunni er miðað við 14 byggingarverkamenn, sem flestir eru í stöðugri byggingarvinnu hjá sama vinnuveitanda, og eru sumir þeirra nokkuð yfirborgaðir. Laun almennra byggingarverkamanna eru því sennilega heldur lægri en skýrslan sýnir.

Þar sem tiltölulega fáir verkamenn vinna allt árið í byggingarvinnu hjá sama vinnuveitanda, tókst ekki að fá ársyfirlit yfir laun og vinnutíma almennra byggingarverkamanna, sem ynnu samkvæmt texta. Hinsvegar var gerð lausleg athugun á launagreiðslum til byggingarverkamanna eftir töxtum, sem notaðir hafa verið á árinu 1964, til að sjá hve margir verkamenn eru á hærri texta en hinum almenna byggingarvinnutaxta, þ.e.a.s. II taxti 32.70. Þannig var athuguð 1 vika í hverjum mánuði á tímabilinu frá janúar til júní 1964.

Skulu hér tilfærðar 3 vikur þ.e.a.s. ein vinnuvika í janúar, ein í marz og ein í júní.

Jan.		Marz		Júní	
Dvt.	Fjöldi v.m. og %	Dvt.	Fjöldi v.m. og %	Dvt.	Fjöldi v.m.%
47/15	2	47/15	2	47/15	2
41/17	2	41/17	2	45/-	1
38/95	15 49%	38/95	21 58%	41/17	5
37/65	3	37/65	3	38/95	13 32%
34/55	1	-	-	37/65	2
32/70	16 34%	32/70	12 25%	-	-
27/35	-	-	-	32/70	35
Lausamenn	<u>8</u> 17%	<u>8</u> 17%		27/35	7 57%
Samtals	<u>47</u> 100%	<u>48</u> 100%		<u>8</u>	11%
				<u>72</u>	100%

Tafla I

Yfirlit yfir vinnulaun og vinnutíma nokkurra starfsstétta árin 1962, 1963 og $\frac{1}{2}$ árið 1964.

	Vinnulaun (Meðalárslaun þús. kr.)				Vinnutími (Meðalársvinnutími klst.)		
	Fjöldi	1962	1963	$\frac{1}{2}$ 1964	1962	1963	$\frac{1}{2}$ 1964
Verkamenn	256	93	112	71	2855	2926	1550
Vörubílstjórar	56	101	123	84	2832	2998	1655
Verkstjórar	26	145	187	112	3200	3432	1719
Iðnaðarmenn	101	119	141	100	2714	2770	1554
Iðnverkamenn	86	89	103	-	2542	2536	-
Iðnverkakonur	71	57	60	-	-	2181	-
Verkakonur	59	55	69	-	1847	1903	-

Tafla II

Hlutfallsleg skipting vinnulaun^a og vinnutíma í dv., ev. og nv. árið 1963.

	Fjöldi	Vinnulaun					Vinnutími				
		Dv.	Ev.	Nv.	Samt.	Arslaun	Dv.	Ev.	Nv.	Samt.	Arsvinnut.
Verkamenn	212	55%	18%	27%	100%	113 þús.	68%	14%	18%	100%	2910 t.
Vörubílstjórar	50	62%	10%	28%	100%	131 -	75%	8%	17%	100%	3149 -
Verkstjórar	26	51%	19%	30%	100%	187 -	65%	15%	20%	100%	3438 -
Verkakonur	18	50%	19%	31%	100%	77 -	65%	15%	20%	100%	2135 -

Tafla III

Vinnulaun og vinnutími iðnaðarmanna árin 1962, 1963 og $\frac{1}{2}$ árið 1964.

	Vinnulaun				Vinnutími				
	Fjöldi '62'63	Meðalárslaun			Fjöldi '62'63	Meðalársvinnutími			
		1962	1963	$\frac{1}{2}$ 1964		1962	1963	$\frac{1}{2}$ 1964	
Bakarar	4	4	95 p	107 p	-	-	-	-	
Bifreiðasmiðir	10	27	88 -	109 -	-	6	-	2333 -	
Bifvélavirkjar	23	34	110 -	129 -	(2)	101 p	8	8 2747 2847 (2) 1400 t	
Blikksmiðir	10	10	92 -	105 -	-	-	7	- 2500 -	
Bókbindarar	10	17	95 -	117 -	-	-	3	- 2503 -	
Flugvélavörkjar	8	30	135 -	163 -	-	-	-	- -	
Framreiðslum.	18	36	153 -	191 -	-	-	-	- -	
Húsasmiðir	24	37	114 -	136 -	(8)	96-	-	9 - 2564 (8)1450 -	
Húsgagnabólstr.	5	8	108 -	118 -	-	-	-	- -	
Húsgagnasmiðir	5	29	92 -	114 -	-	-	-	- -	
Járnsmiðir	59	59	118 -	155 -	(24)	95 -	59	59 2623 2931 (24)1600 -	
Kjöstiðnaðarm.	6	10	131 -	170 -	-	-	-	- -	
Matreiðslum.	4	8	130 -	153 -	-	-	-	- -	
Málarar	-	4	-	135 -	-	-	-	- -	
Mjólkurfræðing.	7	99	128 -	150 -	-	-	-	- -	
Múrarar	-	11	-	163 -	(3)	131 -	-	- -	
Netagerðarmenn	-	9	-	119 -	-	-	-	9 2548	
Prentarar	72	92	112 -	140 -	-	-	-	4 - 2719 -	
Rafvirkjar	18	33	128 -	136 -	(7)	100 -	10	10 3076 3111 (10)1500 t	
Skipasmiðir	17	27	117 -	134 -	(13)	98 -	17	22 2801 2578 (13)1600 -	
Samtals	300	494	34751 -	69653 -	57/5716	94	255110	137 379422 57/88600	
Meðaltal:			<u>116 p</u>	<u>141 p</u>	<u>100 p</u>		<u>2714</u>	<u>2770</u>	<u>1554 t</u>
Hækkun				<u>21.5 %</u>				<u>1.8 %</u>	

Tafla IV

Skipting vinnutíma og vinnulauna verkstjóra í Reykjavík 1963 í dv., ev. og nv.

	Vinnutími						Vinnulaun					
	Fjöldi	Dvt.	Evt.	Nvt.	Samt.	T.allt	Fjöldi	Dv.	Ev.	Nv.	Samt.	Arslaun
Aburðarverksmiðjan	1	74%	16%	10%	100%	3356 t	1	62%	21%	17%	100%	163 p
Byggingarvinna	2	66-	15-	19-	100-	3535 -	2	53-	18-	29-	100-	198 -
Frystihús	4	58-	15-	27-	100-	3678 -	4	43-	17-	40-	100-	204 -
Hafnarvinna	9	57-	20-	23-	100-	3315 -	9	42-	24-	34-	100-	164 -
Olfudreifing	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Ymis störf	10	74-	11-	15-	100-	3442 -	10	61-	15-	24-	100-	201-
Samtals:	26	1691-	396-	-	-	98393 -	26	1328-	491-	-	-	4861 -
Meðaltal:		<u>65%</u>	<u>15%</u>	<u>20%</u>	<u>100%</u>	<u>3438 -</u>		<u>51%</u>	<u>19%</u>	<u>30%</u>	<u>100%</u>	<u>187 p</u>

Meðalvinnutímar á viku.

Dvt.	45.7 tímar	Dvt.	46.8	Dvt.	45.6
Evt.	8.9 -	Evt.	9.6	Evt.	9.3
Nvt.	<u>2.6</u> -	Nvt.	<u>7.9</u>	Nvt.	<u>4.3</u>
Samtals	<u>57.2</u>	Samtals	<u>64.3</u>	Samt.	<u>59.2</u>
Meðal vikukaup		Meðal vikukaup		Meðal vikukaup	
	2440		2975		2434

Þessi athugun, sem að vísu er nokkuð takmörkuð, gefur til kynna, að 30-50 % af byggingarverkamönnum sé ívilnað með einhverjum yfirborgunum. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um fasta starfsmenn að ræða. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að hærri taxtarnir geta að nokkru leyti átt rót sína að rekja til þeirrar tegundar vinnu, sem unnin er þannig, að ekki er um upphækkun úr taxa 2 (32/70) að ræða í öllum tilfellum.

Vinnulaun byggingarverkamanns, sem greidd eru samkvæmt 2. taxa, yrði því nokkuð lægri en niðurstaða skýrslunnar gefur til kynna, eða samkvæmt hinu "typiska" vinnuári byggingarverkamanna (þ.e. eftir vinnutíma fasts byggingarverkamanns), ef miðað er við fyrri ársþelming 1964 - þannig:

Dv.	1032 t.	á	32.70	33.746
Ev.	214	-	52.32	11.196
Nv.	94	-	65.40	6.147
			Samtals	51.089
Orlof 6 %				<u>3.065</u>
			$\frac{1}{2}$ árið 1964 kaup alls	<u>54.144</u>

Vinnulaun "fastra" byggingarverkamanna virðast samkvæmt þessu vera um 10 þús. kr. hærri fyrir $\frac{1}{2}$ árið 1964 en vinnulaun "almennra" byggingarverkamanna, eða 18.5 % að meðaltali.

Verkamenn í frystihúsum nær til 17 starfsmanna í tveim frystihúsum. Eru þeir flestir "fastir" starfsmenn hjá fyrirtækjunum, en vegna eðlis vinnunnar er það mjög takmarkaður hópur verkamanna, sem er í stöðugri vinnu allt árið hjá frystihúsunum. Þeir sem skýrslan nær til, hafa því án efa hærri laun og lengri vinnutíma en launamennirnir, en þeir hafa þá sennilega viðbótar-tekjur hjá öðrum vinnuveitendum. Skýrslurnar bera með sér, að yfir- og næturvinna er tiltölulega mest í þessum störfum.

Hafnarverkamennirnir 136 vinna allir hjá Eimskip og skiptast þannig eftir tegund vinnu:

Lúgu- og vindumenn	13	tímakaup
Verkamenn í pakkhúsum	41	vikukaup
Verkam. í lestum o.fl.	82	tímakaup
	<u>136</u>	
Samtals	<u>136</u>	

Verkamenn hjá Mjólkursamsölu og Olufufélögum eru mánaðarkaupsmenn, og eru þeim áætlaðir 200 dagvinnutímar í mánuði, samkvæmt samningi, nema hvað fjarvistir koma til frádráttar. Gera má ráð fyrir, að hér sé heldur meira ósamræmi milli greiddra vinnustunda og unninna vinnustunda en hjá tímavinnuöðnum. Verkamenn hjá vélsmiðjum og við ýmist störf eru ýmist vikukaups- eða tíma-kaupsmenn. Er hér um ósamstæðan hóp að ræða, með tilliti til launa og vinnutíma, frá ýmsum fyrirtækjum í Reykjavík.

Frá ársbyrjun 1962 hafa orðið 4 almennar taxtahækkunir hjá verkamönnum í Reykjavík:

1. 1/6 1962 10% almenn kauphækkun, en auk þess var þá einnig samið um nokkrar tilfærslur milli taxa (taxtakauphækkun) hjá tilteknum starfshópum. Voru t.d. hafnarverkamenn færðir úr I í II taxa.
2. 24/1 1963 5% almenn kauphækkun.
3. 25/6 1963 7.5 % almenn kauphækkun, auk þess taxaupphækkun við fiskvinnslu úr I í II taxa og hjá hafnarverkamönnum úr II í III taxa.
4. 31/12 1963 15 % taxtahækkun og taxtatilfærsla hjá hafnarverkamönnum (úr III í IV taxa).

Á þessu tímabili hefur einnig verið samið um ýmsar breytingar á launagreiðslufyrirkomulagi, t.d. vikukaup, breytingar á vinnutíma o. fl., sem ekki verður rakið hér.

Meðaltaxtahækkun árslauna frá 1962-1963 má áætla lauslega um 10% miðað við óbreyttan vinnutíma. Hækkun meðalárslauna verkamanna teljast samkvæmt skýrslum um 20% (tafla I), sem stafar af lengri vinnutíma, hlutfallslega meiri yfirvinnu og ýmsum upphækkunum, svo sem aldurshækkun, yfirborgunum o. fl., og verður ekki að svo komnu máli farið meira út í þau atriði.

Vörubílstjórar.

Samkvæmt töflu I hafa meðalárstekjur vörubílstjóra hækk- að úr 101 þús. kr. fyrir árið 1962 í 123 þús. kr. fyrir árið 1963 og í 84 þús. fyrir $\frac{1}{2}$ árið 1964. Hér er mest um mánaðar- eða vikukaupsmenn að ræða. Nokkuð ósamræmi kann því að vera milli unninna og greiddra vinnutíma, sérstaklega í dagvinnunni.

Verkstjórar.

Samkvæmt töflu I hafa meðalárstekjur verkstjóra hækkað úr 145 þús. árið 1962 í 187 þús. árið 1963 og í 112 þús. $\frac{1}{2}$ árið 1964. Hér er eingöngu um verkstjóra ófaglærðra manna að ræða, og eru ýmist á tímakaupi, vikukaupi eða mánaðarkaupi. Taxta- breytingar eru hér hliðstæðar og hjá verkamönnum og vörubílstjór- um, nema hvað breyting var gerð á útreikningi viðmiðunartaxta á miðju ári 1963. Launahækkun frá 1962-1963 er hér heldur meiri en hjá verkamönnum eða 29%, enda hefur vinnutíminn lengst meira, eða um 8.1 %, úr 3200 ársvinnutímum í 3432 tíma.

Iðnaðarmenn.

Samkvæmt töflu I hafa ársvinnulaun iðnaðarmanna hækkað úr 119 þús. kr. árið 1962 í 141 þús. árið 1963, og í 100 þús. $\frac{1}{2}$ árið 1964. (Ath. skýringu hér á eftir.) Í úrtakinu eru 300 iðnaðarmenn árið 1962, 494 árið 1963, en aðeins 57, $\frac{1}{2}$ árið 1964.

Upplýsingar um vinnutímann eru mjög takmarkaðar og ná raunverulega aðeins til bifvélavirkja, járnsmiða, rafvirkja og skipasmiða.

Niðurstöðunum um tekjur iðnaðarmanna þessi þrjú ár ber að taka með varúð, og eru aðeins að vissu marki sambærilegar. Upplýsingar um tekjur iðnaðarmanna árið 1962 og 1963 eru byggð- ar á skattframtölum (launamiðum til skattstofunnar), en upp- lýsingar fyrir árið 1964 eru fengnar beint frá fyrirtækjum.

Ger má ráð fyrir, að hjá vissum stéttum iðnaðarmanna komi ekki allar tekjur fram til skatts hjá sama fyrirtæki, þar sem sumir þeirra vinna hjá mörgum vinnuveitendum, enda bera upp- lýsingar um vinnutímann það með sér. Má því gera ráð fyrir, að vinnulaun iðnaðarmanna séu heldur hærri en hér kemur fram og vinnutíminn lengri, sérstaklega árin 1962 og 1963, enda bendir niðurstaðan fyrir $\frac{1}{2}$ árið 1964 til þess.

Ekki verður farið út í það hér að rekja taxtabreytingu hjá iðnaðarmönnum á þessu tímabili, þar sem skýrslan nær yfir 20 mismunandi iðnaðarstéttir.

Iönverkamenn.

Samkvæmt töflu I hafa tekjur iönverkamanna hækkað úr 89 þús. árið 1962 í 103 þús. árið 1963. Upplýsingar um árið 1964 liggja hinsvegar ekki fyrir. Upplýsingar um vinnulaun 240 iönaðarmanna hjá 38 fyrirtækjum liggja fyrir, og reyndust meðalárslaun þeirra árið 1963 vera 102 þús. kr.

I töflu I er niðurstaðan takmörkuð við 86 iönverkamenn hjá 8 fyrirtækjum, sem upplýsingar um vinnutíma fengust hjá. Hjá þessum iönverkamönnum hefur orðið 20% launahækkun, en svo til engin breyting á vinnutíma.

Iönverkakonur.

Samkvæmt töflu I hefur kaup iönverkakvenna hækkað úr 57 þús. í 60 þús. frá 1962-1963. Upplýsingar um vinnutíma þeirra liggja fyrir fyrir árið 1963 og telst þá vera 2182 tímar.

Upplýsingar um vinnutíma iönverkafólks eru oft ekki fyrir hendi í fyrirtækjum, þar sem um mánaðarkaupsfólk er að ræða, yfirleitt lítið um eftirvinnu, og í sumum tilfellum ákvæðisvinnu, þannig að vinnustundum er ekki haldið saman. Auk þess er mikil breyting á vinnuaflinu, sérstaklega iönverkakonum, þannig að sú vinnuaðferð, sem hér er notuð við gagnasöfnun, er nokkrum takmörkunum háð til þess að fá fram heildarárs-tekjur þessara stétta.

Verkakonur.

Samkvæmt töflu I hafa árstekjur verkakvenna hækkað um 55 þús. árið 1962 og í 69 þús. árið 1963 eða um 25%. Er hér einungis um 59 verkakonur í 4 frystihúsum að ræða, og hefur vinnutími þeirra lengst úr 1847 tímum í 1903 tíma, eða um 3%. Hlutfallsleg skipting vinnulauna og vinnutíma kemur fram í töflu II.

Upplýsingar um fyrri árshelming 1964.

Eins og fram er tekið hér að framan er hér um að ræða úrtaksathuganir fyrir árin 1962, 1963 og hálf árið 1964. Það skal tekið fram, að ekki má nota þessar upplýsingar fyrir fyrri árshelming 1964 á þann veg að tvöfalda hann og nota þá útkomu fyrir allt árið 1964 til samanburðar við 1962 og 1963, og breytingar, sem á hafa orðið. Kemur þar margt til greina, svo sem að 1964 er t.d. um minna úrtak að ræða en fyrir 1962 og 1963, að úrtakið fyrir 1964 er unnið með annari aðferð en fyrir hin árin o.m.fl., sem of langt yrði að rekja hér. Hinsvegar standa vonir til, að ný úrtaksrannsókn fyrir allt árið 1964 geti orðið tilbúin til birtingar í fréttabréfi í apríl-maí n.k.

Viðauki I.

III. Upplýsingar um launatekjur og vinnutíma verka-
fólks í Reykjavík árin 1961 og 1962 frá Vinnu-
tímanefnd Alþingis.

(Einar Benediktsson tók saman)

1. Vinnutímanefnd Alþingis hefur látið safna upplýsingum um launatekjur og vinnutíma í Reykjavík árin 1961 og 1962. Athuganir þessar takmarkast fyrst og fremst við verkamenn í Dagsbrún, verkakonur í Framsókn, iðnaðarverkamenn og iðnaðarverkakonur í Iðju og undirmenn á farskipum. Athuginin, sem gerð var 1962, nær þó til launatekna fyrir ýmsar aðrar stéttir og atvinnugreinar.

2. Gerð var athugun á launatekjum ákveðins hóps verkafólks árið 1961, samkvæmt launauppgjöri fyrirtækja. Valdir voru þeir starfsmenn, sem taldir voru fastir starfsmenn fyrirtækjanna, þ.e. karlmenn með yfir 50.000,- kr. í tekjur og konur með yfir 40.000,- kr. í tekjur hjá sama fyrirtæki. Niðurstaða úrtaksins var þessi:

	<u>Fjöldi.</u>	<u>Meðaltekjur.</u>
Verkamenn	1161	kr. 77.000.00
Verkakonur	131	" 48.600.00
Iönverkamenn	212	" 70.800.00
Iönverkakonur	273	" 50.200.00

Fá var gerð úrtaksrannsókn á launatekjum samkvæmt skattaframtölum einstaklinga og voru niðurstöður þess eftirfarandi:

	<u>Fjöldi.</u>	<u>Meðaltekjur.</u>
Verkamenn	618	kr. 73.800.00
Verkakonur	Vantar	
Iönverkamenn	156	" 72.100.00
Iönverkakonur	118	" 47.600.00

Launatekjur fyrir verkamenn og iönverkakonur áætlaðar samkv. launauppgjöri fyrirtækja eru hærrí en þær sem fást samkvæmt áætlun eftir framtölum, en nokkru lægri hjá iönverkamönnum. Eðlilegt er þó, að niðurstaða sú, sem fæst samkvæmt athugunum á launauppgjöri fyrirtækja sé hærrí, með því að þar koma til tekjuhæstu starfsmenn fyrirtækjanna. Í úrtakinu samkvæmt skattaframtölum fæst jafnari dreifing tekna. Meðaltekjur þessara hópa launþega árið 1961 eru samkvæmt þessu áætlaðar svo sem hér segir:

Verkamenn (Dagsbrún)	kr. 73.000.00	-	kr. 77.000.00
Verkakonur (Framsókn)	" 45.000.00	-	" 48.000.00
Iönverkamenn (Iðja)	" 70.000.00	-	" 73.000.00
Iönverkakonur (Iðja)	" 47.000.00	-	" 50.000.00

3. Jafnframt athugun á launatekjum, samkvæmt skattaframtölum, var gerð athugun á heildartekjum einstaklinganna. Er þá tekið tillit til annarra skattskyldra tekna en launateknanna, s.s. húsaleigutekna, skattskyldra vaxtatekna, opinberra styrkja og trygginga, tekna konu, barna og annars. Niðurstaða úrtaksins var þessi:

	<u>Fjöldi.</u>	<u>Meðaltekjur.</u>
Verkamenn	639	kr. 86.500.00
Verkakonur	Vantar	
Iönverkamenn	156	" 85.700.00
Iönverkakonur	118	" 50.300.00

Heildartekjur samkvæmt úrtakinu, eru þá 5-18% hærrí en launatekjurnar.

4. Upplýsingar Skattstofunnar um tryggingaskylda vinnuviku voru teknar til sérstakrar athugunar. Þessi athugun náði til allflestra fyrirtækja, sem atvinnurekstur stunda í Reykjavík, fyrir utan hið opinbera og Reykjavíkurbæ. Kom í ljós, að af heildarfjöldi tryggðra vinnuvikna voru um 30% vegna félagsmanna í Dagsbrún, um 15% í Iöju og um 6% í Framsókn. Gefur þetta til kynna að hlutdeild ófaglærðra verkamanna og verkakvænna í atvinnustarfsemi þeirri í Reykjavík, sem undir atvinnuleysis-tryggingar falla, sé um 50%. Hlutfallið er þó talið lækka sé Reykjavíkurbær og hið opinbera tekið með.

5. Gerð var úrtaksrannsókn á lengd vinnutíma og á vinnulaunum hjá verkafólki við ákveðin fyrirtæki árið 1961. Þetta úrtak náði til 327 verkamanna hjá 18 fyrirtækjum, 51 verkakvænna hjá 4 fyrirtækjum, 66 iönverkamanna hjá 5 fyrirtækjum og 68 iönverkakvænna hjá 7 fyrirtækjum. Niðurstaða úrtaksins var þessi:

	<u>Fjöldi</u>	<u>Dagvinnna</u>	<u>Eftirvinnna</u>	<u>Næturvinnna</u>	<u>Alls</u>	<u>Meðalárslaun</u>	<u>Vinnuvikur eða mánuðir</u>	<u>Vinnutíma á viku eða mánuði</u>	<u>Kaup á tíma kr.</u>
Verkam.	327	2070	266	317	2653	78.3	45.9v.	57.2	29.50
Verkak.	51	1942	154	153	2249	50.4	46.3v.	48.5	22.42
Iönverkam.	66	2292	228	241	2761	77.0	11.7m.	236	27.88
Iönverkak.	68	2200	38	39	2277	49.5	11.8m.	191	21.70

Vert er að vekja athygli á, að þessi úrtaksrannsókn sýnir hærrí meðaltekjur verkamanna, verkakvænna og iönverkamanna en úrtaksrannsóknin, sem getið er í 3. lið. Á því er einnig vert að vekja athygli, að vinnuárið hjá verkamönnum og verkakonum árið 1961 var raunverulega 48 vikur vegna verkfalls, sem ekki kom til hjá iönverkfólki.

Samkvæmt úrtakinu fæst eftirgreind sundurliðun á hlutdeild dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu í heildartekjunum:

Hlutdeild í tekjum, %:

	<u>Dagvinna:</u>	<u>Eftirvinna:</u>	<u>Næsturvinna:</u>
Verkamenn	66.1	13.6	20.3
Verkakonur	78.4	9.3	12.3
Iðnverkamenn	73.0	11.6	15.4
Iðnverkakonur	94.2	2.5	3.3

6. Athugun Vinnutímanefndar á launatekjum og vinnutíma verkafólks í Reykjavík árið 1962 var framkvæmd á svipaðan hátt og gert var fyrir árið 1961. Þó var úrtaksrannsóknnum hagað á þann hátt, að einstaklingar voru þannig valdir, að beinn samanburður fengist á milli árunna. Með því að miðað var við launatekjur og vinnutíma sömu einstaklinga bæði árin, þurfti að breyta nokkuð fjöldanum og samsetningunni fyrri árið. Þannig voru meðalárslaun 327 verkamanna áætluð 78.300 kr. árið 1961, miðað við 57.2 stundir á viku og 46 vikna vinnuár. Miðað við samsetningu úrtaksins 1962, verður útkoman fyrir 1961 sú, að meðaltekjur 333 verkamanna eru 73.500 kr. miðað við 549 stundir á viku og 46 vikna vinnuár. Stafar það m.a. af því, að verkamenn í skýrslunum 1962, (og þá einnig 1961 til samanburðar) eru einungis taldir þeir menn, sem stunda almenna verkamannavinnu og falla þess vegna út úr úrtakinu, sem gert var fyrir árið 1961, tekjuhæstu verkamennirnir svo sem bílstjórar, vélgæzlumenn o.fl. Niðurstöður úrtaksins fyrir þær stéttir, sem athugaðar voru árið 1961, eru svo sem hér greinir:

	Fjöldi í <u>úrtaki</u>	<u>Meðaltekjur</u> kr.		<u>Aukning 1962.</u>	
		<u>1961</u>	<u>1962</u>	<u>Kr.</u>	<u>%</u>
Verkamenn	333	73.500	91.500	18.000	24.4
Verkakonur	45	50.300	59.200	8.900	17.7
Iðnverkamenn	90	74.600	86.600	12.000	16.0
Iðnverkakonur	179	45.000	55.300	9.400	20.5

Þetta úrtak fyrir árið 1961 sýnir nokkuð lægri meðaltekjur fyrir verkamenn, verkakonur og iðnverkamenn en fyrri úrtakið sýndi, en tekjur verkakvanna eru svo til þær sömu.

Almennt yfirlit um vinnutímann 1962 liggur ekki fyrir á sama hátt og fyrir árið 1961, en hins vegar fengust eftirfarandi upplýsingar um vinnutíma verkamanna og verkakvanna:

	Fjöldi í <u>úrtaki</u>	<u>Vinnustundir alls.</u>		Aukn. stunda <u>1961/62 í %</u>
		<u>1961</u>	<u>1962</u>	
Alm. verkamenn	333	2525	2695	170
(Bílstj. hjá fyrirtækj.	60	2880	3055	175)
Verkakonur	45	2153	2064	109

Þess ber að gæta, að vinnuárið 1961 var aðeins rúmar 46 vinnuvikur hjá verkamönnum vegna verkfalls, en hins vegar fullt vinnuár 1962, þannig að aukning vinnustundafjöldans 1962 jafngildir ekki samsvarandi aukningu vinnustunda á viku eða mánuði. Sé reiknað með 46 vikna vinnuári hjá verkamönnum 1961 verður meðalvinnutímafjöldi á viku 55 vinnustundir og sé reiknað með 49 vikna vinnuári 1962 (3ja vikna sumarfrí) verður meðalvinnutímafjöldinn einnig 55 vinnustundir það ár.

7. Upplýsingar um vinnutíma nokkurra einstaklinga í öðrum starfsstéttum liggja einnig fyrir, en eru of takmarkaðar til að draga af þeim almennar ályktanir.

	Fjöldi í úrtaki	Meðaltekjur, kr.		Aukning 1962	
		1961	1962	Kr.	%
Trésmiðir	15	83.900	113.900	29.000	34.5
Múrarak	3	98.300	114.400	16.100	37.9
Rafvirkjar	13	95.800	141.800	46.000	48.0
Járnsmiðir	27	95.900	125.100	29.200	30.4
Skipasmiðir	20	73.500	120.200	46.700	63.5
Bifvélavirkjar	4	91.300	115.400	24.100	26.4
Bílasmiðir	8	65.800	86.400	20.600	31.3
Prentarak	24	102.300	116.200	13.900	13.5
Bókbindarak	9	79.400	93.500	14.100	17.7
Bakarak	10	65.300	84.000	18.700	28.6
Flugstjóarak	9	185.400	213.100	27.700	14.9
Flugmenn	15	136.300	154.300	18.000	13.2
Flugvirkjar	13	118.100	140.000	21.900	18.5
Flugleiðsögumenn	11	126.300	152.200	25.900	20.5
Flugumsjónarmenn	4	119.200	144.900	25.700	21.5
Strætisvagnastjóarak	20	86.600	98.900	12.300	14.2
Bílstjóarak	60	74.600	86.600	12.000	16.0
Verkstjóarak	3	97.000	133.000	36.000	37.0
Afgreiðslustúlkur í					
brauðbúðum	10	44.000	47.900	3.900	8.8
Starfsstúlkur (Sókn)	11	44.000	52.000	8.000	18.2
Fóstrur	3	56.700	62.000	5.300	9.3
Flugfreyjur	17	65.800	76.000	10.200	15.5

IV. Framfærsluvísitalan.

Eins og kunnugt er reiknar Hagstofa Íslands mánaðarlega út framfærsluvísitölu og birtir hana í Hagtiðindum. Árið 1959 var framfærsluvísitalan sett 100, og sýnir framfærsluvísitalan því þær breytingar, sem orðið hafa á verðlagi "vísitöluvaranna" frá því ári. Hér fer á eftir yfirlit yfir meðalársvísitöluna árin 1959-1964. Brot, sem voru 0,5 eða meira, eru hækkuð upp, en minni brotum sleppt.

Ársvísitala

1959	100
1960	103
1961	108
1962	119
1963	135
1964	161

Ný neytlurannsókn.

Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og samtaka vinnuveitenda frá 5. júní 1964 var lagt til, að hafin yrði endurskoðun vísitölu framfærslukostnaðar.

Hefur Hagstofa Íslands nú hafið störf við þessa endurskoðun.

Núgildandi framfærsluvísitala er byggð á neytluathugun, sem fram fór á árunum 1953 og 1954 með grunntölu 1. marz 1959.

Er talið, að verulegar breytingar hafi orðið á neytluvali almennings síðan þá, og er með hinni nýju neytlurannsókn stefnt að því að ráða bót þar á. Framfærsluvísitalan, sem reiknuð var út til 1. marz 1959, var byggð á neytlurannsókn, sem fram fór á árunum 1939-1940 með grunntölu í janúar-marz 1939.

Hin nýja neytlurannsókn beinist að neytlu launþega í Reykjavík. Upplýsinga er aflað á þann hátt, að um 100 launþegafjöli-

skyldur í Reykjavík eru beðnar um að láta í té allýtarlegar upplýsingar um neyztu sína. Eru nöfn þessara 100 aðila valin með útdrætti úr Skattskrá Reykjavíkur frá 1964. Ræður því tilviljun ein, hverjir koma í þetta úrtak úr þeim starfsstéttum, sem athugunin tekur til, en það eru verkamenn, sjómenn (undirmenn á fiskiskipum og farskipum), iðnaðarmenn, opinberir starfsmenn og verzlunar- og skrifstofumenn í þjónustu einkaaðila.

Innan þessa ramma tekur athugunin til barnlausra hjóna og til hjóna með börn fædd 1950 og síðar. Aðeins eru teknar með fjölskyldur, þar sem heimilisfaðirinn er á aldrinum 25-66 ára. Hér er, af hálfu þeirra sem upplýsinga er leitað hjá, um mikið ábyrgðar- og trúnaðarstarf að ræða, þar sem ný framfærsluvísitala verður byggð á þeim upplýsingum, er þeir láta Hagstofu Íslands í té. Gagnasöfnun Hagstofunnar verður lokið fyrir n.k. áramót, og ættu þá niðurstöður hennar að liggja fyrir á fyrri árshelmingi 1966.

V. Um launastatistik.

Þeir þættir þjóðarþúskaþar, sem beint eða óbeint snerta sambúð launþega og vinnuveitenda og hafa áhrif á laun og kjör, og samninga um þau, eru ærið margbrotnir í nútíma þjóðfélagi. Því er það, að víða um lönd, þar sem samtök verkalyðs og vinnuveitenda eiga lengstan þroskaferil, hafa þau í æ ríkari mæli tekið að móta stefnu sína og starf í launamálum að verulegu leyti á grundvelli víðtækra hagrannsóknna.

Að því leyti, sem hagsmunasamtökin hafa ekki metið upplýsingar opinberra hagstofnana nægjanlegar fyrir starfsemi sína og mótnun stefnu sinnar í kjaramálum, hafa þau farið þá leið að framkvæma á eigin vegum ýmsar hagfræðilegar athuganir og er t. d. alkunnugt, að á Norðurlöndum hafa heildarsamtök vinnu- markaðarins, jafnt launþega sem vinnuveitenda, um langan aldur starfrækt sínar eigin hagdeildir, sem reka umfangsmikla starfsemi.

Fram til þessa hafa samtök launþega og vinnuveitenda hér á landi ekki talið sig hafa fjárhagslegt bolmagn til að stofna til eigin hagdeilda, þrátt fyrir vafalausa þörf, en með stofnun Kjararannsóknarnefndar 1963 má segja, að með fjárhagslegri aðstoð hins opinbera hafi myndast vísir að hliðstæðri starfsemi launþega- og vinnuveitendasamtaka og þeirri, sem hagdeildir hagsmunasamtakanna á öðrum Norðurlöndum fást við, og fyrst og fremst beinist að þeim verkefnum, sem aðrar hagstofnanir sinna lítið eða ekki.

Það er sameiginlegur skilningur þeirra samtaka vinnu- markaðarins, sem að Kjararannsóknarnefnd standa, að hlutverk hennar sé fyrst og fremst öflun glöggra og traustra upplýsinga um sem flesta þætti efnahagslífsins, staðreyndaöflun, sem að nokkru verður unnin frá grunni af nefndinni og starfslíði hennar, og að öðru leyti úrvinnsla úr gögnum, sem aflað er af öðrum hagstofnunum. Nefndin telur það einnig hlutverk sitt að beita sér fyrir lausn tiltekinna verkefna hjá öðrum hagstofnunum og hafa við þær eðlilega samvinnu og verkaskiptingu. Ennfremur að vera samtökum launþega og vinnuveitenda til ráðuneytis um hagnál í sambandi við gerð kjarasamninga, t. d. með því að vinna fyrir þau sérstök verkefni, sem þau telja máli skipta fyrir sig varð-

andi þau efni. Hinsvegar er nefndin ekki og verður ekki neinskonar dómstóll í launamálum.

Að þessu sinni skal aðeins rætt um einn þátt þeirrar staðreyndaöflunar, sem Kjararannsóknarnefnd hefur leitast við að vinna að og hvarvetna er talin næsta mikils virði, en hefur ekki verið sinnt héraendis að neinu verulegu gagni. Hér er um að ræða gagnaöflun um raunveruleg laun hinna ýmsu stétta, og um þann vinnutíma, sem fer til að afla þeirra launa. Kjararannsóknarnefnd hefur um skleið unnið að þessu verkefni með þeim hætti að gera úrtaksrannsóknir með aðstoð vinnuveitenda og með góðri samvinnu við þá, þótt við ýmsa erfiðleika hafi verið að etja. Nú hefur nefndin hinsvegar ákveðið að gera tilraun til að fara nýja leið til öflunar þessara upplýsinga samhliða hinni fyrri leiðinni, sérstaklega í þeim tilgangi að freista þess að ná til verulega stærra úrtaks en kostur hefur verið á.

Hefur nefndin ákveðið að snúa sér nú beint til félagsmanna í verkalyðsfélögum í þrem kaupstöðum, Reykjavík, Akranesi og Akureyri, og fara þess á leit við þá, að þeir láti henni í té upplýsingar um vinnulaun sín og vinnutíma nú í marzmánuði. Æskt verður upplýsinga um dagvinnutíma, eftirvinnutíma, næturvinnutíma og kaupgreiðslur ásamt orlofsfé fyrir mánaðarkaupsfólk yfir marzmánuð og sömu upplýsinga frá viku- og tímakaupsfólki fyrir vikurnar frá 1. marz til 3. apríl.

Nefndin væntir góðrar fyrirgreiðslu verkalyðsfélaga og forustumanna þeirra um dreyfingu og söfnun eyðublaða, sem gerð verða af þessu tilefni og eru mjög einföld að gerð og auðveld til útfyllingar. En nauðsynlegt er þó, að launþegar haldi launamiðum sínum umrætt tímabil til haga, þar til skýrslugerðin hefur farið fram.

Það skal tekið skýrt fram, að farið verður með allar upplýsingar einstalinga sem algert trúnaðarmál, enda er þess ekki krafizt, að skýrslugefandi riti nafn sitt á eyðublað það, sem hann útfyllir.

Megintilgangurinn með þeirri athugun, sem hér er ætlunin að reyna, er eins og áður er sagt að ná til stærra athugunar sviðs en áður, og jafnframt að sannreyna, hvort hún staðfestir í meginatriðum þær niðurstöður, sem þegar hafa fengist með fyrri rannsóknaraðferðum. Ef hún tekst vel til með góðri samvinnu við þá, sem hlut eiga að máli, er stigið mikilsvert spor í þá átt að koma upp viðunanlega ábyggilegum skýrslum um afkomu verka-

fólks, laun þess og vinnutíma, og þá um leið um þær árlegu breytingar, sem á þessu verða, þótt margt fleira verði að sjálfsögðu að koma til.

Á það skal sérstaklega bent, að í grannlöndum okkar er, víða a. m. k., slíkri hagskýrslugerð fenginn sá grundvöllur, að hún hefur fengið fullt traust beggja, launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka. Að því ber einnig að stefna hérlendis, því að um nóg er að kljást, þótt sættir takist um viðurkenningu staðreynda.

Kjararannsóknarnefnd mun nú í þessari viku skýra þetta mál rækilega í dagblöðunum, og vill hún mega vænta þess, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, kynni sér það nánar en unnt er af þeirri örstuttu skýringu, sem hér hefur verið unnt að flytja. Þá mun nefndin einnig hefja á næstu vikum útgáfu fréttabréfa um störf sín, skýra þar frá þeim verkefnum, sem hún vinnur að, og birta niðurstöður af þeim athugunum, sem hún framkvæmir með eigin starfi eða í samvinnu við aðrar hagstofn-
anir.

1. marz 1965

B. J.

VI. Meðalatvinnutekjur kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna 1948 - 1962,

á verðlagi hvers árs í þús. króna.

	1948	1949	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958	1959	1960	1961	1962
<u>Allt landið:</u>															
Meðaltal heildar	25.6	(25.1)	(27.3)	32.8	36.6	41.7	45.5	51.8	58.9	59.4	69.3	74.9	79.0	85.4	103.6
Verkamenn				29.9	33.2	38.7	42.4	46.8	54.5	54.8	64.7	69.7	72.0	75.9	91.0
Sjómenn				36.1	40.5	43.5	48.6	56.2	63.4	61.5	74.6	90.0	89.0	107.1	128.7
Iðnaðarmenn				34.3	39.5	44.8	48.0	54.9	63.2	63.5	71.4	75.2	81.0	85.8	105.6
<u>Reykjavík:</u>															
Meðaltal heildar	27.5	(27.9)	(29.9)	35.5	37.6	43.6	46.7	52.0	60.0	58.1	66.9	73.8	77.6	80.8	99.7
Verkamenn				33.1	34.2	40.2	44.8	47.0	55.4	54.9	63.0	71.2	72.6	72.7	89.4
Sjómenn				42.0	43.6	46.2	48.8	57.6	65.6	59.5	71.1	81.5	85.6	98.5	121.3
Iðnaðarmenn				36.1	39.5	46.2	47.9	55.3	63.1	61.0	68.6	74.0	79.6	81.3	101.1
<u>Kaupstaðir:</u>															
Meðaltal heildar	25.3	(22.7)	(25.5)	30.8	37.4	40.7	45.5	54.1	58.9	62.2	72.4	77.8	81.1	90.2	110.5
Verkamenn				27.3	33.4	38.0	41.4	48.2	55.0	55.7	67.9	70.3	72.0	78.4	95.3
Sjómenn				36.9	41.1	46.3	52.4	59.5	64.1	63.9	76.8	96.5	90.1	113.1	140.6
Iðnaðarmenn				32.3	41.9	44.7	50.2	56.5	65.2	67.2	74.7	78.2	83.2	90.1	113.1
<u>Kauptún:</u>															
Meðaltal heildar	19.6	(19.5)	(21.5)	27.2	32.2	37.4	42.0	47.8	55.1	59.4	70.9	72.7	79.1	90.0	101.8
Verkamenn				24.6	30.0	35.9	37.6	42.9	50.5	52.5	63.9	63.7	70.4	80.8	87.7
Sjómenn				27.2	34.3	35.1	44.0	49.2	58.5	60.8	77.1	93.8	93.3	112.1	122.2
Iðnaðarmenn				32.6	35.3	41.1	45.1	50.6	59.3	64.3	73.9	73.1	80.8	90.5	104.1